

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 15. maí 1996. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 13. september 1995 um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 2. maí 1996.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 254

8. maí 1996

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein, er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þó orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1.	Heitt vatn um rennismæli:	Kr.
	A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	49,20
	Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:	
	A. Mælir allt að ¾ tommu	454,00
	B. Mælir 1 tommu til 2 tommur	952,00
	C. Mælir 3 tommur eða stærri	1.914,00
2.	Heitt vatn um hemil:	
	A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	423,00
	B. Vatnsgjald	1.058,00
	á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:	
	Flutningsgjald	353,00
	Vatnsgjald	705,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál m ³):	Kr.
Grunngjald.....	68.172,00
Rúmmetragjald allt að 2.000 m ³	63,00
2.000 m ³ - 6.000 m ³	54,60
6.000 m ³ - 10.000 m ³	47,30
10.000 m ³ og yfir.....	42,00

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 15.018,00 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1.394,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 275, 18. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. maí 1996.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.